

Borgarbyggð
Umhverfis- og skipulagssvið
Borgarbraut 14
300 Borgarnes

Reykjavík 12. desember 2017
UST201710-279/K.S.J.
10.04.03

Efni: Deiliskipulagsbreyting - Deildartunga 3- Borgarbyggð

Vísað er til erindis umhverfis- og skipulagssviðs Borgarbyggðar er barst 27. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi Deildartungu 3, Borgarbyggð.

Skipulagssvæði


Í greinargerð kemur fram að um er að ræða tillögu að breytingu á deiliskipulagi nýs verslunar- og þjónustusvæðis að Deildartungu 3. Breytingarnar felast í stækkun byggingarreitar B, byggingarmagn á lóðinni verður aukið og gámasvæði/sorpgerði er flutt vestar á lóðina.


Á uppdrætti kemur fram að byggingarreitur sem áætlað er að stækka tekur yfir svæði sem nú þegar hefur verið raskað s.s. tún o.fl.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við stækkun byggingarreits, en minnir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Einnig bendir stofnunin á mikilvægi þess að grein sé gerð fyrir förgun affallsvatns frá baðstað í deiliskipulagsgreinargerð.

Beðist er velvirðingar á að langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur